

Trausti Jónsson og Bjarni Guðráðsson

Veðurathuganir og veðurathugunarmenn í Borgarfirði

Inngangur

Skipulegar veðurathuganir í Borgarfirði eiga sér nokkra sögu og ekki úr vegi að gera lítilla grein fyrir henni á prenti. Að þessu sinni verður hugað að upphafinu, en hugmyndin er að halda áfram í nokkrum greinarstúfum í Borgfirðingabók síðar.

Fyrst er getið um mælingar með hitamælum í héraðinu í ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar. Trúlega höfðu fleiri ferðalangar á leið um héraðið með sér mæla og sömuleiðis er vitað að Magnús Stephensen lögmaður og landfógeti átti hitamæla. Hann bjó á Leirá 1789 til 1803 og síðan á Innra-Hólmi til 1813. Ekki er þó vitað til þess að hann hafi gert veðurathuganir eða skráð hita á reglubundinn hátt.

Danska vísindafélagið stóð fyrir formlegum athugunum hér á landi frá 1749 og slitrótt allt þar til danska veðurstofan tók til starfa 1872. Lítið kom það þó við sögu í Borgarfirði að öðru leyti en því að það studdi mikið við athuganaátak sem fór af stað í landinu að undirlagi *Hins íslenska bókmennafélags* 1840. Þar komu borgfirskir prestar og fleiri héraðsmenn við sögu eins og síðar verður gerð grein fyrir¹.

Danska veðurstofan tók formlega við veðurathugunum í landinu 1872 og lét gera athuganir í héraðinu, en ekki var það þó mikið. Athuganir byrjuðu hins vegar á Hvanneyri 1923 á vegum *Veðurstofu Íslands* og hafa verið samfelldar á hennar vegum í héraðinu síðan².

Eggert og Bjarni

Á árunum 1749 til 1751 dvaldist hér á landi danskur maður, Niels Horrebow, og rannsakaði náttúru landsins á vegum danska vísindafélagsins. Sama félag gerði síðan út mikinn leiðangur Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar á árunum 1752 til 1757, þeir fóru víða um land og skrifuðu mikla skýrslu sem við þá er kennd, *Ferðabók Eggerts og Bjarna*. Í nýjustu útgáfu hennar á íslensku³ fjalla rúmar 100 síður um Borgarfjörð og rannsóknir þeirra þar.

Þar segir meðal annars (s70):

„Hitamælingar sýna, að bæði hiti og kuldi er jafnari hér en við sjóinn á Suðurlandi. Kaldastir eru hér vestanvindar og fylgir þeim frost og snjór í meðallagi. Sumrin eru meðalheit. Undantekning í því efni er þó nágrenni þeirra fjallahlíða, sem gerðar eru af dökkum, föstum klettum. Þar verður nærri óbærilegur hiti í sólskini og logni. Þetta reyndum við áþreifanlega dagana 7. til 9. júlí 1754. Hitinn komst þá á þessum stöðum upp í 103 og 104 stig á Fahrenheit⁴ sólarárin. Þann 7. júlí lentum við í svo geysimiklum hita vestan Hítarár undir Fagraskógarfjalli, að við vorum að örmagnast.“

¹ Almenn yfirlit um athuganir Bókmennafélagsins má finna í greinargerð: Trausti Jónsson og Hilmar Gunnþór Garðarsson (2009): *Jónas Hallgrímsson og veðurathuganir á Íslandi um og upp úr 1840*, Veðurstofa Íslands, VI 2009-019. http://www.vedur.is/media/vedurstofan/utgafa/skyrslur/2009/VI_2009_019.pdf

² Lauslegt yfirlit um fornar athuganir með mælitækjum á Íslandi má lesa í grein: Trausti Jónsson og Hilmar Garðarsson (2001) *Early Instrumental Meteorological Observations in Iceland*. *Climatic Change*, 48, s.169-187. Greinin er aðgengileg á netinu.

³ *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*, 4. útg. Örn og Örlygur, 1981

⁴ 40°C

Hvaða „hitamælingar“ hér er verið að tala um er ekki vitað, en orðalagið bendir til þess að verið sé að tala um eitthvað meira en fáeina aflestra á stangli. Almennar ferðadagbækur Eggerts og Bjarna kunna að geyma fleiri upplýsingar um veður þegar þeir voru á ferð um héraðið og mælingar þeirra eða annarra. Hins vegar hefur nær ekkert fundist af veðurbókum sem þeir héldu, þrátt fyrir mikla leit. En vissa er fyrir því að þær voru til.

Ferð Jóns Þorsteinssonar landlæknis í Reykholtssdal 1821

Jón Þorsteinsson⁵ landlæknir (1794-1855) gerði veðurathuganir í Reykjavík og á Nesi við Seltjörn (bjó um tíma í Nesstofu) á árunum 1820 til 1854. Mælingarnar voru að undirlagi danska Vísindafélagsins og komust ýmsar niðurstöður þeirra í vísindarit á sínum tíma. Jón hafði áhuga á náttúru Íslands og reyndi að ýta undir það að fleiri tækju að sér athuganir.

Í bréfi til félagsins, sem fylgir athuganaskýrslu hans 1. mars 1834⁶, segir hann m.a. (í lauslegri þýðingu):

„Ef félagið hefði áhuga á athugunum frá stað lengra inni í landi gæti ég bent á Th: Helgasen prest í Reykholti, sem er um 8 til 9 mílur⁷ norðar en Reykjavík og 4 til 5 mílur frá næstu sjávarströnd, í dal nokkuð inni á milli fjalla. Ég gæti við tækifæri aflað mér upplýsinga um hæð staðarins yfir sjávarmáli⁸ og sömuleiðis pólhæðina⁹ þar. Séra Helgesen hefur stundað nám í Kaupmannahöfn, og hefur áhuga á eðlisfræði og þess háttar, að auki veitir hans þægilega embætti honum nægilegt hagræði¹⁰, en mælitæki hefur hann ekki, utan ómerkilegs kvikasilfurshitamælis sem ég hef látið hann fá.“

Þorsteinn Helgason (1806 til 1839) varð prestur í Reykholti 1833, en lést aðeins 33 ára gamall¹¹. Hans er nú minnst fyrir kirkjubyggingu, þá fyrstu þar með timburþaki (alla vega á síðari tímum) og fyrir erfiljóð sem Jónas Hallgrímsson orti eftir hann og um hríð var nokkuð sungið undir lagi Helga Helgasonar¹². Ekkert hefur fundist af mælingum Þorsteins – hafi hann á annað borð skráð þær.

Forvitnilegt væri að rannsaka hver tengsl Jóns læknis og Þorsteins prests hafa verið og sömuleiðis hvort Jón hefur átt fleiri kunningja¹³ í Reykholtssdal því árið 1821 átti hann þar leið um, leit á hverji,

⁵ Oft ritað: *Thorsteinsson*.

⁶ Lbs. Óskráð veðurgögn, kassi I

⁷ *Danskar mílur*, 1 míla skilgreind sem 7,5325 km (sjá t.d. Vísindavef Háskóla Íslands).

⁸ Kirkjugólfíð í Reykholti er um 41 m yfir sjávarmáli.

⁹ Breiddarstig

¹⁰ Á dönsku hljóðar setningin svo: „*Denne Pastor Helgesen har studeret i Kjöbenhavn, og interesserer sig for Physik og deslige, hvortil hans magelige Embede giver ham tilstrækkelig Otium.*“ Allt í rólegheitum í Reykholti.

¹¹ Kristleifur á Stóra-Kroppi skráði nokkuð af minningum fólks um Séra Þorstein Helgason. Menn voru hrifnir af dugnaði hans og glæsileik og sumir töldu hann kraftaverkamann sbr. lýsingu á lækningu á holdsveikri konu [Úr byggðum Borgarfjarðar II s.315]. Séra Þorsteinn veiktist á geði og leitaði lækninga við því án árangurs að því er virtist. Ekki var talið rétt að láta hann fara einan milli bæja. Hann fór þó einn frá Sturlu-Reykjum og ætlaði beinustu leið heim í Reykholt en sneri af leið og drukknaði í Reykjadalssá fyrir neðan bæinn sem nú stendur í Nesi þar sem heitir Hyrnubakkavað við svonefndan Hestakrók á hinni fornu Bugaleið um dalinn. Þar koma oft klakastíflur í ána þegar hún ryður sig í leysingum á veturna. [Úr byggðum Borgarfjarðar II s.409-411, *Héraðssaga Borgarfjarðar I*, s.400].

¹² Erindið sem sungið er hefst á orðunum „*Veit þá enginn, að eyjan hvíta*“ – kannski er átt við Reykholtssdal þegar segir í kvæðinu: „*Fagur er dalur og fyllist skógi*“?

¹³ Gæti t.d. líka hafa þekkt næsta Reykholtsklerk á undan Þorsteini, *Eggert Guðmundsson* (1769 til 1832), sem þar sat á árunum 1807 til 1832.

mældi í þeim hita og sendi Vísindafélaginu stuttorða skýrslu á dönsku sem hér birtist í lauslegri þýðingu, orðalagi er lítilega hnikað til nútímahorfs¹⁴:

Frásögn af hita hvera

Þann 19. júní 1821 heimsótti ég Reyholtsdal, hann er í Borgarfjarðasýslu í Suðuramtinu. Þar bjó hinn frægi Snorri Sturluson. Í dal þessum er urmull hvera og mældi ég hita fjögurra þeirra stærstu með hitamæli og var hann við 80 stiga suðumark Réaumurmælis¹⁵ í upptökum þeirra allra.

Hitinn í þessum fjórum er:

1. Tunguhver¹⁶, sá stærsti þeirra, kastar vatni í ýmsar áttir með miklum þyt og skruðningum. Ég gat aðeins nálgast hann úr þeirri átt sem vindurinn blés og lyktar hann eins og brennisteinn eins og hinir [hverirnir].

2. Kleppjárnshver, þar í nágrenninu, er miklu minni í upptökum sínum, en sýður líka, 80 stig.

3. Reykjahver¹⁷, sömuleiðis lítill, en hefur sama hita. Rétt hjá honum hefur verið byggt lítið hús, sem bóndinn á staðnum notar til að þurrka klæði í, en gæti, eftir minni meiningu, mjög vel notast til þurrkaða í lækisfræðilegum tilgangi¹⁸. – Fyrirkomulagið er þetta: Gólfíð er lagt með flötum steinum, undir þeim er mikill hiti í jörð, þannig að sé einn steinninn fjarlægður rýkur brennisteinslegur reykur upp úr gólfinu. – Sé gluggum kofans lokað, stígur hitinn ótrúlega. Ég gerði litla tilraun með því að loka honum í eina klukkustund og hengdi hitamæli þar inn og steig hann þá úr¹⁹ 14 í 33 R° og bóndinn fullyrti við mig að hann gæti stigið enn meira væri lokað lengur. Ég hef mælt með þessari baðstofu²⁰ við íbúa í nágrenninu, við vissum húðblettum, þó þannig að þeir ættu að hafa trekk gat stöðugt opið til að sleppa við hættu af kæfandi lofti og andnaði, þar sem kofinn er lítill og innilokað loftið yrði fljótt súrefnisnautt.

4. Vellines-hver²¹ sem er án efa, hvað fegurð snertir, næstur á eftir Geysi, þrátt fyrir að vera, að stærð, varla hundraðasti hluti hans. Hann er staðsettur þannig: Eftir dalnum rennur

¹⁴ Lbs. Óskráð veðurgögn, kassi I

¹⁵ Á þessum tíma var Réaumurkvarðinn sá algengasti í Evrópu, suðumark hans er við 80 stig, en frostmark við 0 eins og á selsíusmælum. Hvert R-stig jafngildir 1,25°C.

¹⁶ Deildartunguhver

¹⁷ Sturlureykjahver

¹⁸ Kristleifur Þorsteinsson segir m.a. frá „baðhúsi“ þessu: „Var á því nokkur átrúnaður; sem eins konar heilsuhæli í smáum stíl. Skottulæknar réðu gigtveikum mönnum til að liggja um tíma í því sér til heilsubótar. Þetta er án efa fyrsta hús, sem byggt hefur verið hér í Borgarfirði með það fyrir augum að færa sér í nyt hverahita til heilsubótar. Lágu þar oft gigtveikir menn, og fengu sumir þeirra góðan bata.“ [Úr byggðum Borgarfjarðar, II. bindi s. 207-208.]. Af frásögn Jóns Þorsteinssonar mætti halda að hann hafi verið fyrstur til að benda á möguleg heilsunot hússins – nefnir það aðeins sem þurrkhús. Jón telst varla til „skottulækna“ í nútíðarmerkingu orðsins.

¹⁹ 17,5°C í 41,3°C

²⁰ danska: *Badeanstalt*

²¹ Nú er hverinn í daglegu tali nefndur *Vellir* og er það líkega upphaflegt heiti hans og nesið hafi verið við hann kennt. Kannske hefur mönnum fundist meira í munni eða skýrari staðsetning hversins í frásögnum að kalla hann Vellineshver. Kristleifur Þorsteinsson notar það nafn í *Héraðssögu Borgarfjarðar* [II s. 45] og segir meðal annars í lýsingu á hvernum: „Árið 1896, eftir jarðskjálftana miklu, tók hann upp þá nýlundu að gjósa reglubundnum gosum. Þóttu þau merkileg náttúrufrýrbrigði og var hvernum meiri gamur gefinn en áður. Séra Guðmundur Helgason í Reykholti mældi hæð gosanna, sem voru nokkuð mismunandi að styrkleika. Hæstu gosin voru 48 fet.“ Þessi náttúra hversins dvínaði og þó reynt hafi verið að vekja hann upp með sápu hefur gosnáttúra hans

allmikil á. Mitt í henni er allstór klöpp og eru upptök meginuppsprettunnar í henni. Bunan nær aðeins um 4 fet í loft upp og þvermál hennar er ekki meira en 1 fet. Í logni stendur hún lóðrétt í loft upp án þess að beygja til hliðanna. Með því að láta blýlóð renna niður í klappargatið komst ég að því að í þá átt, niður á við, var holan aðeins 5 álna²² djúp, vafalaust hefur þar verið beygja sem olli því að blýið sökk ekki neðar. Þar í kringu eru tvær aðrar minni uppsprettur á sömu klöpp, allar voru þær alveg 80°R heitar.

Eftir að hafa mælt hitann í þessum fjórum hverum ætlaði ég að rannsaka fleiri, en það óhapp varð að hitamælirinn brotnaði. Ég hafði pakkað honum inn í bómull og lagt hann í sérgerðan kassa fram að næstu mælingu. En við næsta hver reyndist hann vera brotinn. Hvort um er að kenna of hraðri kælingu eftir að ég hafði haldið honum niðri í Vellineshver veit ég ekki algjörlega. Þegar ég kom aftur²³ var Raben greifi á Christianssæde²⁴ svo góður að láta mig hafa góðan hitamæli. Ég mun við fyrsta tækifæri kunna að mæla fleiri hver.

Skýrslan, dagsett 5. júlí 1821, var send til Christian Ørsted²⁵ hjá Vísindafélaginu.

Fyrsta borgfirski mæliröðin

Elstu reglulegu veðurathuganir sem vitað er um í Borgarfjarðarsýslu voru gerðar af Halldóri Einarssyni sýslumanni í Krossholti á Akranesi²⁶. Þær rötuðu til Vísindafélagsins danska, gerðar frá 1. desember 1835 til 31. júlí 1837. Ekki er vitað hvort Halldór hélt athugunum áfram síðar.

Halldór Einarsson var fæddur á jóladag 1796²⁷ á Bjarnastöðum í Hvítársýslu. Foreldrar hans, þau Einar Þórólfsson bóndi og Kristín Jónsdóttir bjuggu síðar í Kalmannstungu. Halldór var yngstur barna Einars og Kristínar, en Einar var tvígiftur. Seinni kona hans var Helga Snæbjarnardóttir. Einar var sagður stór vexti og mikilfenglegur, karlmenni mikið að burðum, smiður á tré og málma og annálaður raddmaður. Börn hans, sem komust til fullorðinsára voru 10 og dreifðust um Borgarfjarðarhérað; margt þeirra afkomenda traust fólk, listasmiðir, bændur og listamenn einkum tónlistarfólk. Má þar nefna séra Bjarna Þorsteinsson í Siglufirði, Sigvalda Kaldalóns tónskáld og Önnu Þorvaldsdóttur tónskáld. Margir afkomendur Einars fluttu til Ameríku á árunum fyrir aldamótin 1900.

Árið 1811 settist Halldór í Bessastaðaskóla og útskrifaðist 1818, varð skrifari hjá Stefáni Stephensen amtmanni, en sigldi 1823 til Kaupmannahafnar og lærði lögfræði, lauk bóklegu prófi með besta

ekki aukist. Á síðustu öld tóku einhverjir upp á því að nefna hverinn „Árhver“ og komst það nafn á kort og er víða í uppflettiritum og á netinu.

²² Líklega um 3 metrar, *dönsk alin* er skilgreind sem 62,77 cm. Þó Jón hafi örugglega miðað við þessa alinlengd mega þeir sem rekast á eininguna á fornum bókum hafa í huga að nokkru skeikar á lengdinni í tímans rás og frá stað til staðar, sjá: Gisli Gestsson (1968), *Álnir og kvarðar*, Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 65, s.45-78 (timarit.is)

²³ Til Reykjavíkur

²⁴ *Frederik Christian Raben* greifi (1769-1838) var mjög þekktur maður á sinni tíð, ferðamaður, dagbókarskrifari og áhuganáttúrufræðingur, sjá: https://da.wikipedia.org/wiki/Frederik_Christian_Raben

²⁵ *Hans Christian Ørsted* (1777-1851) er einn þekktasti vísindamaður dana og einn af helstu brautryðjendum rafmagnseðlisfræðinnar. Hann var einnig fyrstur til að framleiða hreint ál. Skömmu áður en Jón kvaddi hann í Kaupmannahöfn árið 1820 hafði hann einmitt sannað tilveru rafsegulsviðs í kringum straumvíra. Ekki víst að skýrslan um hita í hverum í Reykholtssdal hafi vakið athygli hans svo mjög (þó aldrei að vita). https://en.wikipedia.org/wiki/Hans_Christian_%C3%98rsted

²⁶ Fjallað er um Halldór á s.527-529 í riti Boga Benediktssonar (1905-1908), *Sýslumannaævur* III. bindi, skýringar og viðbætur e. Hannes Þorsteinsson.

²⁷ Hér er fæðingarárið valið úr *Sýslumannaævur*, 3. bindi, s.528 (neðanmáls) en þar er sagt að ártalið 1797 sé rangt (í meginmáli á sömu síðu er hins vegar 1799 sagt fæðingarár Halldórs, sem hlýtur að vera prentvilla).

vitnisburði 1828, en verklegu 1831. Hann var fyrstu árin eftir útskrift ritari í Leyndarskjalasafni og um skeið styrkþegi Árnasafns. Þann 11. apríl 1835 fékk hann Borgarfjarðarsýslu og hélt til æviloka.

Halldór var utanlands veturinn 1837 til 1838 og hugðist safna efni í íslenskt lagasafn. Trúlega hefur hann haft veðurathuganirnar með sér til Kaupmannahafnar og þær þar komist í safn Vísindafélagsins.

Sumar og framan af hausti 1835 dvaldi hann á Ytra-Hólmi, en flutti síðan að Krossholti. Krossholt²⁸ nefndist stofa²⁹ í Krosslandi innan Akraness sem Stefán Gunnlaugsson, næsti Borgarfjarðarsýslumaður á undan Halldóri, hafði byggt 1833. Halldór bjó í Krossholti á árunum 1835 til 1839 og þar voru mælingar hans gerðar og ræktaði hann einhvern fyrsta blóma- og trjágarð þar um slóðir. Hann fluttist 1839 að Höfn í Melasveit. Halldór var ókvæntur og barnlaus, en Borgfirskar æviskrár³⁰ geta þess að Helga Bjarnadóttir frá Guðrúnarstöðum í Eyjafirði hafi verið bústýra hans öll sýslumannsárin.

Sýslumannaævur segja um Halldór:

„Forstandsmaður reyndist hann mikill, svo að við hans dauða varð sterfbú³¹ hans svo mikið, að meir en borguðust allar hans skuldir.“

Og ennfremur:

„Hann var fullkominn meðalmaður á vöxt, en varð snemma ellilegur í andlitsfalli, þó annars ekki ófríður, nokkuð ljósleitur með jarpt hár.“

Í minningargrein sem birtist í Reykjavíkurbókstovnum³² segir m.a.:

„Af fátækum kominn varð hann sjálfur að hafa ofan af fyrir sér við háskólann og með því hann eftir það hann kom aptur hingað til lands, sat í inntektalítlu embætti, átti hann leingst æfi sinnar fremur við þraung kjör að búa, en eingu að síður var hann mikill greiðamaður við gesti og gángandi, enda bar marga að húsum hans, auk þess sem hann bjó í þjóðbraut.

Embætti sitt rækta hann með alúð og vandlæti við sjálfan sig, og var gegninn og góður við að skipta; var hann því þokkasæll yfir höfuð hjá sýslubúum sínum, en eingan þarf að furða á því, þó hann í sinni stöðu ekki gæti verið öllum jafnt að skapi. Hann hafði alla æfi verið heilsugóður, en á seinastliðnu sumri tók hann mikla vanheilsu, sem að lyktum snerist í brunasótt (Nervefeber)³³ sem var orðin svo mögnuð, það er landlæknir³⁴ fyrst var sóttur til hans, að ekki var að gjört andaðist hann degi síðar, þann 23. þ. m.³⁵

Það getur verið að eptirmaður hans verði meiri gáfumaður og íhlutanarmeiri um sumt hvað, en í stillingu, jafnlyndi og köllunarrækt verður hann trauðlega honum fremri. Hvorki syrgir

²⁸ Nafnið *Krossholt* fer eitthvað á milli mála, það er notað í bæði *Borgfirskum æviskrám* og *Sýslumannaævum*, en í *Sögu Akraness* (Jón Böðvarsson (1992) I, s.39) er staðurinn nefndur *Krosshóll*. Það heiti er einnig notað í: Adolf Friðriksson (2002), *Fornleifar í Innri-Akraneshreppi*, FS169-00031 og vitað beint í örnefnaskrá Ara Gíslasonar, þess sama og tók saman upplýsingar um Halldór í æviskránum. Höfundur fornleifaskýrslunnar telur einhvern efa á að tóft á staðnum sé af stofu Stefáns og Halldórs. Þess ma geta að 8. hola Garðavallar á Akranesi nefnist *Krossholt*.

²⁹ Nú á tímum væri „stofa“ sennilega nefnd einbýlishús, varla þó stærra en 30 til 40 fermetrar að grunnfleti. Lítið virðist nú vera um upplýsingar um *Krossholtsstofu*, hvenær hún féll eða var rifin. Greinarhöfundar hafa ekkert fleira handfast um hana fundið.

³⁰ IV. bindi, s.133. Þar er blómaræktar Halldórs getið.

³¹ Dánarbú

³² 2. tölublað 1846, bls. 31-32. Ekki er kvittað fyrir, en líklega hefur Páll Melsteð ritstjóri skrifað minningarorðin.

³³ *Taugaveikibróðir?* Salmonella typhi.

³⁴ Áðurnefndur Jón Þorsteinsson

³⁵ Nóvember 1846.

ekkja né börn yfir moldum hans, því hann var ókvæntur, en frændum hans og vinum, og þeim er gjörla þekktu hann, er í honum mikil eptirsjá, og mun hann leingi verða þeim harmdauði.“

Veðurhandrit Halldórs

Veðurhandrit Halldórs er nú varðveitt á Landsbókasafni³⁶. Með þeim fylgir miði sem á stendur (í lauslegri þýðingu):

„Halldór Einarsen á Akranesi 2½ mílur norðan við Reykjavík athugaði í algjörum skugga, fyrir hádegi um það bil kl. 9 til 10 og síðdegis frá kl. 3 og 6, í dálka ritað hæst og lægst á þessum tímamarkum“³⁷.

Aðeins einn dag vantar í handritið á tímabilinu, 9. janúar 1836. Veðurathuganir Jóns Þorsteinssonar í Reykjavík eru þær einu sem vitað er um á landinu á sama tíma. Sjálfsagt var að athuga hver hiti var í Reykjavík þennan dag, en hið furðulega kemur þá ljós. Athugun dagsins vantar einnig hjá Jóni. Við nákvæman samanburð athugana Halldórs og Jóns frá degi til dags afhjúpast að þeim ber „einum of oft“ nákvæmlega saman. Vitað er að Jón gat langoftast fengið einhvern til að lesa af mælum fyrir sig ætti hann erindi af bæ. Sennilega hefur Halldór ekki átt hægt með það og hefur líklega fyllt í eyður áður en hann lét handritið frá sér í Kaupmannahöfn, með því að nota mælingar Jóns. Þetta er þó ágiskun.

En mælingar Halldórs styrkja mjög trúverðugleika mælinganna í Reykjavík. Mæliröðunum ber vel saman hvað mánaðarmeðalhita varðar og yfir stöðvarnar ganga sömu kuldaköst og hlákur að vetrum.

Mesta frost sem Halldór mældi var -16°R^{38} , 11. mars 1836. Á sama tímabili mældist mest frost í Reykjavík þann sama dag, $-18,8^{\circ}\text{C}$. Hæsti hiti sem Halldór mældi var $+18^{\circ}\text{R}^{39}$, þ. 30. júní 1836. Jón mældi líka $22,5^{\circ}\text{C}$ sama dag, jafnhlýtt var í Reykjavík 2. júlí 1836, en þá skráði Halldór ekki nema í $16,3^{\circ}\text{C}$ stig. Slíkur munur er algengur á sumardögum þótt ekki sé langt á milli staða, ekki síst við sjávarsíðuna.

Tíð þótti almennt mjög óhagstæð á landinu á árinu 1836. Árið 1837 hlaut almennt skárri eftirmæli, en býsna snörp voru kuldaköst vetrarins engu að síður.

Höfundar þakka Sjöfn Kristjánsdóttur handritafræðingi fyrir uppskrift handrits hveraskýrslu Jóns Þorsteinssonar.

Myndartexti: Úr veðurhandriti Halldórs Einarssonar, 1. til 8. desember 1835. Tölurnar eru í Réaumur-stigum. Dálkafyrirsagnir: *hóiest* [hæst], *lavest* [lægst]. Þann 1. er norðanátt [*nordlig vind*], norðaustanátt þ. 4. og austanátt þ. 7. – annars er orðið „*ligeledes*“ [sama] notað – langalgengasta einstaka orð í veðurhandritinu.

³⁶ Óskráð veðurgögn, kassi II.

³⁷ *Haldor Einarsen paa Akranes 2 1/2 Mil norden for Reykjevig observeret i en fuldkommen Skygge, om Formiddagen omtrent kl. 9 til 10 og om Eftermiddagen fra kl. 3 og 6 og i Rubrikken noteret hoiest og lavest i disse to Tidspunkter.*

³⁸ $20,0^{\circ}\text{C}$

³⁹ $22,5^{\circ}\text{C}$